

STJÓRNARTÍÐINDI B 73 – 1993

11. nóvember 1993

Nr. 454

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 246, 14. júní 1993, um loðnuveiðar 1993/1994.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 3. gr., sbr. reglugerð nr. 286, 26. júlí 1993, er loðnuskipum heimilt á tímabilinu frá kl. 8.00 að morgni 12. nóvember til kl. 20.00 að kvöldi 21. nóvember að stunda loðnuveiðar sunnan og vestan þeirrar línu, sem tilgreind er í 1. gr. reglugerðar nr. 286, 26. júlí 1993.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. nóvember 1993.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

B 63

Steindórsprent Gutenberg hf.